

Viðbótarupplýsingar.

Eins og fram kom í "Beiðni um álitserð varðandi deildir innan veiðifélaga" var stofnað annað veiðifélag árið 1972 efst á vatnasvæði Veiðifélags Árnesinga, þ.e.a.s. Faxi, veiðifélag. kt. 410775-0699.

Það veiðifélag var síðan felld niður úr fyrirtækjaskrá þann 30. ágúst 1990.

Á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga í apríl 2011 upplýsti ég fundinn um það og lét formann veiðifélagsins hafa staðfestingu þess efnis að þetta félag væri ekki til og bæri að skrá þær jarðir sem voru í því félagi inn í Veiðifélag Árnesinga lögum samkvæmt.

Nokkru áður hafði ég upplýst lögmann lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu um það sama.

Í kjölfar þessa er svo allt í einu boðað til aðalfundar í þessu aflagða félagi, Veiðifélaginu Faxa þann 23. maí 2011 í fyrsta sinn síðan 26. ágúst 2004.

Á aðalfundinum eru samþykktar nýjar samþykktir þar sem ein jörð, Bergstaðir er felld úr félaginu, en það voru einmitt landeigendur á Bergstöðum sem voru dæmdir til refsingar hjá Héraðsdómi Suðurlands fyrir að stunda stangveiði fyrir sínu eigin landi.

Þessi jörð er eftir sem áður skráð í arðskrá félagsins.

Síðan er haldinn framhaldsaðalfundur þann 7. september 2011.

Í fundargerð þess fundar kemur fram m.a. að eldri ákvörðun frá 2004 um arðgreiðslur var framkvæmd.

Einnig að ársreikningar árána 2004-2010 sem áritaðir hafa verið af skoðunarmönnum félagsins hafi verið samþykktir samhljóða.

Samþykkt var tillaga stjórnar um að greiða kr. 17.400 á einingu nú.

Ekki voru boðaðir á þennan framhaldsaðalfundi, landeigendur Bergstaðastræti sem felldir voru úr félaginu á aðalfundinum 23. maí.

Samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber að halda aðalfundi í veiðifélögum ár hvert.

Það varðar refsingu að hlíta ekki settum reglum um veiðifélög.

Fiskistofa sendir þessar samþykktir Veiðifélagsins Faxa til birtingar í stjórnartíðindum í september 2011.

Í kjölfar þess krefjast landeigendur á Bergstöðum þess að Fiskistofa leiðrétti þessar samþykktir og setji jörðina inn aftur.

Þessu hafnar Fiskistofa með þeim orðum að hún leggi ekki mat á deilur um landamerki, slíkt sé verkefni dómstóla. Fiskistofa hefur samt ekki tilkynnt um neina breytingu á umdæmi þessa veiðifélags.

Í 38. gr. laga nr. 61/2006 segir svo:

*"Fiskistofa skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði. Ef veiði hefst fyrir eða á landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags, en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi."*

Það er erfitt að átta sig á hvernig eftirlitsaðila með framkvæmd laga þessara er stætt á því að samþykka brottrekstur félagsmanns sem er samt skylt að vera félagsmaður að viðlagðri refsingu samkvæmt 50. gr. laganna.

Til að kóróna alla lögleysuna tekst svo aðilum sem segjast vera forsvarsmenn þessa aflagða félags, eftir að hafa leitað til Fiskistofu um stuðning, að fá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra til að "endurvekja" þessa gömlu kennitölu, sem ekki var til á skrá, í lok október 2011.

Það vekur upp spurningar um hvort samningar sem gerðir voru árið 2003 í nafni þessarar kennitölu, og hafa fallið undir hugtakið "umboðssvik" hingað til, verði kannski allt í einu löglegir. Hverjir verða skaðabótaskyldir vegna þessarar aðgerðar?

Á vef Fiskistofu undir lista um veiðifélög eru deildir í bland innan um veiðifélög og engin leið að vita hvað er hvað.

Þetta virðist afvegaleiða jafnvel héraðsdómara, eins og sést greinilega í dóminum S-521/2010 yfir landeigendum Bergstaða, þar sem dómariinn vitnar í 7. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 um stofnun veiðifélaga og yfirfærir það á deildir.

Jafnframt úrskurðar dómariinn að það sé í lagi að svipta landeigendur veiðiréttindum til tíu ára, án þess að það sé tekið fyrir árlega á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga, eins og áskilið er í samþykktum félagsins.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að refsivert er að brjóta gegn samþykktum veiðifélaga. Dómariinn tilgreinir einnig að það sé ekki verið að ganga á eignarétt veiðiréttarhafa, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt ákvæðum um arðskrá.

Staðreyndin er hins vegar sú að Veiðifélag Árnesinga hefur aldrei greitt út arð samkvæmt arðskrá, a.m.k. ekki í áratugi.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/2006 ber lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu að hafa með höndum framkvæmd stjórnslu og eftirlit samkvæmt lögum þessum, en virðist í þess stað hafa aðstoðað við og jafnvel stuðlað að því að farið sé á svig við lögina með margvíslegum hætti.

Fjöldmörg önnur dæmi mætti nefna um vafasama starfshætti þessarar stofnunar sem hefur endanlegt úrskurðarvald á stjórnslustigi.